




Bakki er staðsettur á Gelgjutanga með aðgengi frá þemagarði eitt

BAKKI



Sólarljós





A-306


BAKKI



Floð



Fjara



BAKKI

Bakki er steinsteypt verk sem fellt verður inn í fjörukantinn á Gelgjutanga. Það tengist þemagarði eitt. Verkið vísar í suður á móti sól. Aðgangur að verkinu er beggja vegna frá göngustíg ofan við það og þaðan ofan i fjöruna. Bakki er umlukinn stétt úr forsteyptum flísum og skjólgóðum bogadregnum vegg. Verkið/húsið er staðsteypt sjónsteypa og yfirborðs meðhöndluð með sílani. Terrassoslípaður gólfþöturinn leiðir að breiðum þrepum sem liggja ofan í fjöruna. Aðgengi að húsinu verður að norðanverðu eða aftan við húsið. Hjólastóla aðgengi verður ofan af göngustíg niður að verkinu og eins inn í það.

Bakki er byggður inn í skjólgóðan faðm þar sem rými er til að njóta umhverfisins og athygli er dregin að vistkerfum fjörunnar, á sjó og landi. Röð bekkja býður gestum til sætis í skjóli undan norðanvindinum og í ylnum af vorsólinni. Þegar inn er komið færst athyglan að gangi sólar og sjávarföllunum, því að hlusta á og finna fyrir jörðinni. Merlið af ljósgjöfum á sjónum - sól, tungli eða raflysingi eftir aðstæðum, ferðast inn í rýmið og býður gestum upp á lifandi vörpun úr nánasta umhverfi.

Gert er ráð fyrir innfelldri lýsingu í stétt og veggina sem ganga hvor til sinnar hliðar og meðfram grjótgarðinum, einnig kastara lýsingu á verkið sjálft. Útlit og frágangur grjótgarðs verður unninn í samráði við landslagsarkitekta svæðisins. Aðgangur að vatni og rafmagni þarf að vera við verkið vegna þifa og viðhalds. Verkið býður upp á fjölbreytta möguleika til miðlunar og náms á öllum skólastigum.